

# Börn á Norðurlöndum Ungt fólk hefur áhrif!

Nordens Välfärdscenter

Hugmyndarit

Niðurstöður verkefnisins Snemmbær úrræði fyrir fjölskyldur





**norden**

Nordens Valfärdscenter

Börn á Norðurlöndum – Ungt fólk hefur áhrif!

Útgefandi:

**Nordens Valfärdscenter**

[www.nordicwelfare.org](http://www.nordicwelfare.org)

© nóvember 2012

Ritstjórar: Kristin Marklund, verkefnisstjóri fyrir „Snemmbær úrræði fyrir fjölskyldur“, og Nino Simic

Aðalhöfundar: Karin Källsmyr og Ina Nergård

Aðrir höfundar: Kristin Marklund, Nino Simic og Peter Irgens

Ábyrgðarmaður: Ewa Persson Göransson

Myndskreytingar: Helena Halvarsson

Grafísk hönnun: [www.aasebie.no](http://www.aasebie.no) Prentun: Ineko

ISBN: 978-87-7919-076-4

Upplag: 800 eintök

### **Nordens Valfärdscenter**

#### **Sverige**

Box 22028, 104 22 Stockholm, Sverige

Heimilisfang: Hantverkargatan 29

Sími: +46 8 545 536 00 [info@nordicwelfare.org](mailto:info@nordicwelfare.org)

### **Nordens Velfærdscenter**

#### **Danmark**

Slotsgade 8, DK-9330 Dronninglund, Danmark

Sími: +45 96 47 16 00 [nvcdk@nordicwelfare.org](mailto:nvcdk@nordicwelfare.org)

### **Nordens Valfärdscenter**

#### **Finland**

Topeliusgatan 41 a A, FIN-00250 Helsingfors, Finland

Sími: + 358 (0)40-0612015

[nvcfi@nordicwelfare.org](mailto:nvcfi@nordicwelfare.org)


Hægt er að panta prentað eintak af skýrslunni eða hlaða henni niður á:

[www.nordicwelfare.org](http://www.nordicwelfare.org)

undir flípanum «Publikationer».

Á stafrænu formi er skýrslan til á dönsku, finnsku, íslenska, norsku og ensku.





## Börn á Norðurlöndum

Þú hefur í höndum þriðja hluta skýrslu um verkefnið „Snemmbær úrræði fyrir fjölskyldur“.

Verkefnið er hluti af átaki Norrænu ráðherranefndarinnar árið 2011 og 2012 innan málaflokksins „Snemmbær fyrirbyggjandi úrræði fyrir félagslega viðkvæmar fjölskyldur“. Í framhaldi af þessu átaki var Norrænu velferðarmiðstöðinni falið að halda utan um verkefnið. Markmiðið er að miðla rannsóknarniðurstöðum, vitneskju um lausnir sem reynst hafa vel og að skapa norrænt tengslanet.

Í verkefninu er sjónum beint að fjórum áhersluþáttum: rannsóknum á áhættu- og verndarþáttum, snemmbærum úrræðum sem reynst hafa vel á Norðurlöndum, einfaldara aðgengi að þjónustu og að láta rödd barna heyrast! Í þriðja hluta skýrslunnar, Ungt fólk hefur áhrif, er kynnt aðferð til þess að beina athygli að rödd barna og ungmenna í þjóðfélagssumræðu og ákvarðanatöku.

Í ritinu er einnig að finna mynd sem sýnir hvernig aðferðin er útfærð í reynd.

Formáli .....	6
Inngangur .....	9

## FYRSTI HLUTI AÐFERÐIR TIL ÞÁTTTÖKU .....

<b>AÐ UNDIRBÚA ÞÁTTTÖKU .....</b>	<b>11</b>
Boð um þátttöku og upplýsingar .....	11
Fundurinn .....	11
Velkomin – og af hverju erum við hér? .....	12
Hver erum við sem tökum þátt? .....	12
Að koma af stað hugsunum og góðum umræðum .....	13
Hagnýt ráð og hugmyndir .....	13
Yfirlit yfir vandamál og hugmyndir að lausnum .....	14
Að miðla boðskap sínum .....	15
Eftirfylgni .....	17

## ANNAR HLUTI RÖDD HINNA UNGU .....

<b>TENGL .....</b>	<b>19</b>
<b>SNEMMBÆR AÐSTOD .....</b>	<b>20</b>
Þegar foreldrar mínir þurfa hjáp við að vera foreldrar .....	21
Þegar ég get ekki búið hjá mömmu eða pabba .....	22
Tekin úr umsjá foreldra .....	23
Þegar maður býr á fósturheimili eða stofnun .....	24
Upplýsingar .....	28
Að fá sig stimpil .....	29
Þátttaka og hlutdeild .....	30
Að hitta aðra í sömu aðstæðum .....	32
<b>ÞAÐ ALLRA MIKILVÆGASTA .....</b>	<b>33</b>

# ÞRIÐJI HLUTI

ÖNNUR DÆMI .....	34
<b>DE 4 ÁRSTIDER, DANMÖRKU .....</b>	<b>35</b>
Mentorar skipta sköpum! .....	35
De 4 Árstider .....	35
Mentorsfræðsla .....	36
<b>RÉTTUR BARNNA Í SAMFÉLAGINU, BRIS Í SVÍÐJÓÐ ....</b>	<b>36</b>
Rödd barna gegnum hjálparlínur fyrir börn.....	36
BRIS.....	36
Rödd barna.....	36
Einstakur grundvöllur að starfi sem beinist að réttindum barna .....	37
Niðurstöður .....	38
<b>PESÄPUU VERKEFNIÐ Í FINNLANDI .....</b>	<b>39</b>
Ungt fólk tekur þátt í þróuninni .....	39



norden

Nordens Välfärdscenter



Þetta er PARADÍS, skrifar unglingur sem tók þátt í fundi í Noregi. Að eiga erfið æskuár vegna foreldra sem glíma við misnotkun áfengis eða vímuefna, geðsjúkdóm eða eiga í annars konar vanda með vini í skólanum, getur látið lífið virðast mjög EINMANALEGT. Engum líður eins og mér, allt er svo auðvelt hjá öðrum ...

Að fá að vera hluti af stærra samhengi og deila hugsunum sínum með öðrum getur haft mikið að segja – svo mikið að einn unglinganna lýsti því sem PARADÍS. Með þessu hugmyndariti viljum við ganga skrefi lengra og leyfa unglingum að eiga samtál við þá sem taka ákvarðanir.

Tillögur ungmenna til stjórnámálamanna.  
Umræður á jafningjagrundvelli. Frá hugmynd til framkvæmdar.

Ungmenni sem alast upp við erfiðar aðstæður eru á vissan hátt með meiri reynslu en önnur ungmenni. Oft hafa þau neyðst til þess að vera sem foreldrar fyrir eigin foreldra og systkini sín og ekki síst að bjarga sér sjálf. Leyfið börnum að vera börn, segir einn unglinganna. Í hugmyndaritinu „Ungt fólk hefur áhrif“ má lesa um hugmyndir

ungmenna um snemmbæran stuðning við börn og unglinga. Við gerum einnig handbók um, hvernig unnt er í reynd að vinna, ef vilji er til þess að börn og ungmenni taki þátt í ákvarðanatöku í samfélaginu. Norðurlöndin hafa lengi verið í forystu í því starfi að koma Barnasáttmála SP í framkvæmd. Í Noregi hefur verið gengið lengst með því að taka Barnasáttmálann inn í löggjöfina. Börnin eru framtíð okkar og með öllum færum leiðum eigum við að gera börnin að virkum þátttakendum í samfélaginu.

Norræna velferðarmiðstöðin þakkar öllum ungmendum sem tóku þátt í fundum í Noregi, Danmörku og Finnlandi. Við vonumst til þess að skynsamlegar og vel ígrundaðar hugmyndir og sjónarmið ungmennanna veiti stjórnámálamönnum, og þeim sem taka ákvarðanir, innblástur.

Norræna velferðarlíkanið byggir á því, að við tökum í sameiningu ábyrgð á velferðinni í samfélaginu. Í framtíðinni er þetta háð því að þessi ungmenni finni einnig að þau eigi hlutdeild og vilji leggja sitt af mörkum til þróunar samfélagsins.





# Inngangur

Í verkefninu „Rödd barna“ höfum við boðið ungmennum frá Svíþjóð, Noregi, Finnlandi og Danmörku á þrjá fundi. Þau eiga það sameiginlegt að hafa verið „viðskiptavinir“ félagsþjónustunnar í heimalandi sínu. Nokkur þeirra hafa búið á fósturheimili eða stofnun, hluti þeirra bjó áfram hjá mömmu eða pabba og fékk góða hjálp og stuðning, önnur bjuggu áfram heima en telja sjálf – þegar upp er staðið – að taka hefði átt þau úr umsjá foreldra sinna.

Markmið fundanna var að biðja þau um hugmyndir og tillögur um það hvernig mætti, eins snemma og hægt er og á besta mögulega hátt, hjálpa börnum í viðkvæmum fjölskyldum. Hvað getum við, sem vinnum með eða gerum áætlanir um uppeldisaðstæður barna, lært af hinni dýrkeyptu reynslu þeirra? Hvernig getum við lært af dæmum þeirra um góða umönnun samfélagsins – eða skort á slíkri umönnun – til þess að tryggja að öll börn, sem alast upp á Norðurlöndum, eigi barnæsku sem einkennist af öryggi, umhyggju og hlutdeild?

Bæði niðurstöður þessara funda og þær aðferðir, sem notaðar voru, eru settar fram í þessu riti. Vonandi getur þetta orðið kveikja að hugmyndum fyrir þig sem vilt vinna að því að auka hlutdeild barna og unglinga í þeim málefnum sem þau varða.

Nokkrar stofnanir hafa tekið þátt í vinnunni við „Rödd barna“:

- *De 4 Årstider* í Danmörku
- *BRIS* í Svíþjóð
- *Pesäpuu* í Finnlandi
- *Voksne for Barn* í Noregi

## Aðferðir til þátttöku



pungamiðja í þessari nálgun er sú afstaða að ungur einstaklingur sé sérfræðingur um aðstæður sínar og geti miðlað reynslu sinni af samskiptum við félagsþjónustuna – svo dæmi sé tekið. Þeir sem vinna með börnum og ungmennum geta nýtt sér þessa þekkingu, sem byggð er á reynslu, til þess að þróa betra starf. Breiðari grundvöllur ákvarðanatöku miðar að því að ákvarðanir eru betur rökstuddar og auðveldara er að greina afleiðingar ákvarðana er snerta börn.

Frumforsendan er að vera spyrjandi, forvitinn og hlusta af alvöru. Skoðanir og gildismat hinna fullorðnu er lagt til hliðar. Við spyrjum opinna spurninga sem gefa kost á því að miðla af eigin reynslu og þekkingu um viðfangsefnið. Mikilsverðasta hlutverk hins fullorðna er að skapa örugga umgjörð sem eflir trúnaðartraust þar sem mögulegt er að deila því sem manni liggur á hjarta.

Hugsjónasamtökin *Voksne for Barn* sáu um undirbúning fundanna sem haldnir voru með unglingum frá nokkrum Norðurlandanna. Þegar *Voksne for Barn* bjóða unglingum að taka þátt í samstarfsferli, er markmiðið oftast að kortleggja reynslu þeirra og leggja mat á þá þjónustu sem þeir hafa notið. Annað markmið getur verið að öðlast vitneskju um þarfir þeirra og óskir við tiltekna aðstæður, t.d. ef þeir eiga foreldri í neyslu eða með geðsjúkdóm.

## AÐ UNDIRBÚA ÞÁTTTÖKU

### Boð um þátttöku og upplýsingar

Það mikilvægasta í byrjun, þegar bjóða á börnum eða unglingum til þátttöku, er að hafa íhugað vandlega, hvaða upplýsinga er óskað og hvaða spurninga skal spyrja. Næsta skref er að velta fyrir sér, hvernig unnt er að ná til markhópsins. Þeir sem starfa með unglingunum, foreldrar þeirra, áhugasamtök – og ekki síst unglingarnir sjálfir – eru góður farvegur fyrir þetta.

Mikilsvert er að í fundarboði séu skýrar upplýsingar um inntak fundanna, tilgang þeirra, allt ferlið og hvernig nota á niðurstöður.

Í verkefninu „Ungt fólk hefur áhrif“ báðum við nokkur ungmenni um aðstoð við að skrifa fundarboðið.

Þegar yngri börnum er boðið til þátttöku, þurfa að fylgja upplýsingar sem beint er til foreldra/forsjáraðila. Enn fremur er mikilvægt að það komi fram í boðinu að börnum er heimilt að taka með sér einhvern fullorðinn.

Óháð aldurshópi er mikilvægt að þátttakendur fái vitneskju um rétt sinn til að krefjast nafnleysis.

### Fundurinn

Það er mikill kostur – ef hægt er – að koma saman á hlutlausum og notalegum stað.

Stærð hópsins getur verið breytileg, og fer það m.a. eftir umræðuefni. Auðvelt þarf að vera að vinna bæði í stórum og smærri hópum.

Lesið má fundarboðið á heimasíðu Nordens Vælfærðscenter: [www.nordicwelfare.org/tidigainsatser](http://www.nordicwelfare.org/tidigainsatser)

Lengd fundar getur einnig verið breytileg, frá einum til tveimur dögum með gistingu – niður í nokkrar klukkustundir.

Í þessu verkefni hittist hópurinn eitt síðdegi og notaði kvöldið til að kynna og vann svo allan næsta dag frá kl. 9 til 16.

Þátttökuferlið er aðlagð aldurshópnum, viðfangsefni og „pöntun“. Aðferðirnar eiga að miklu leyti rætur í PLA-aðferðum, Participatory Learning and Action: Nám með þátttöku og framkvæmd. Fullorðinn stjórnandi ber ábyrgð á ferlinu þar sem þátttakendur hittast á eins miklum jafningjagrunni og unnt er, öllum finnst þeir tilheyra, vita hvaða verkefni á að leysa og allir fá tækifæri til að tjá sig.

Einhver er ábyrgur fyrir því að skrá niður það sem fram fer, eins orðrétt og mögulegt er til þess að forðast að túlka það sem sagt er. Markmiðið er jú að draga fram það sem unga fólkið segir í reynd og það sem því finnst – ekki hvernig fullorðir túlka það sem unga fólkið segir.

Hér á eftir er lýst inntaki fundanna í hlutaverkefninu *Ungt fólk hefur áhrif*:

### Velkomin – og af hverju erum við hér?

Allir fundir hefjast á því að skipuleggjendur bjóða þátttakendur velkomna, þakka þeim fyrir að hafa gefið sér tíma til að vera með, kynna verkefnið og ástæður fundarboðsins. Skipuleggjendur segja einnig frá sjálfum sér og þeim samtökum sem þeir starfa með.

### Hver erum við sem tökum þátt?


Það er mikilvægt að gefa sér tíma til að kynna hvert öðru eins vel og unnt er. Oft er einhvers konar verkefni notað sem útgangspunktur. Þátttakendur eru beðnir um að segja frá sjálfum sér út frá þemum/umræðuefnum sem tengjast hæfileikum, væntingum og eiginleikum.

Á fundinum fá allir blað með mynd af hendi þar sem hver fingur hefur eitt þema eða spurningu. Þátttakendur setjast tveir og tveir saman og taka vital hvor við annan á grundvelli eftirfarandi atriða:


- Þrjár sterkar hliðar hjá mér.
- Hvað gefur mér orku og áhuga?
- Hver er mikilvæg persóna?
- Hvernig vil ég að aðrir lýsi mér?
- Eitthvað sem ég vona að gerist innan fimm ára.



*Höndin: Á fundinum fá allir blað með mynd af hendi þar sem hver fingur hefur eitt þema eða spurningu*



*Skókassinn: Byrjunarverkefni, sem oft leysir úr læðingi sköpunarkraft og tjáskipti, er „skókassinn“. Markmiðið er að koma af stað góðum samtölum og gera yfirlit yfir reynslu.*



*Líða vel-gaurinn: Það má t.d. skrifa niður hvernig starfsmaður félagsþjónustu, á geðsviði eða í skóla þarf að vera til þess að ungmenni vilji taka við hjálp.*

Þegar báðir hafa sagt frá sjálfum sér, setjast þátttakendur aftur í hring. Allir kynna þann einstakling sem þeir tóku viðtal við. Í stórum hópi með takmarkaðan tíma getur verið nóg að segja frá tveimur fingrum. Þátttakendum er einnig boðið að segja frá því af hverju þeir völdu að taka þátt.

### **Að koma af stað hugsunum og góðum umræðum**

Meðan á fundinum stendur eru ólík verkefni notuð til þess að kalla fram reynslu, hugsanir, hugmyndir og uppástungur. Fyrsta verkefni, sem oft leysir úr læðingi sköpunargáfu og tjáskipti, er „skókassinn“. Markmiðið er að koma af stað góðum samtölum og gera yfirlit yfir reynslu.

Fyrir þetta verkefni þarf tóma skókassa, liti, pensla, lím, skæri og alls konar „punt og skraut“.

Þátttakendum er skipt í þriggja til fimm manna hópa með það verkefni að skreyta skókassa að utan og innan. Að utan á kassinn að tákna hvernig aðrir líta á mann – eða hvernig maður vill að aðrir líti á mann.

Að innan á kassinn að vera skreyttur þannig að hann tákni tilfinningar og hugsanir, hliðar á manni sjálfum sem maður sýnir aldrei – eða sem erfitt er að sýna öðrum.

Allir í hópnum vinna saman að því að skreyta einn kassa.

Að þessu loknu er haldin „listsýning“ þar sem allir skoða listaverk hver hjá öðrum og hlýða á kynningu hvers hóps fyrir sig. Bæði fullorðni stjórnandinn og aðrir þátttakendur geta borið fram spurningar og velt vöngum yfir svörunum. Spurningarnar gætu til dæmis verið: Eru tilfelli þar sem maður mundi vilja ræða við einhvern um það sem er undir lokinu? Hver gæti það verið? Hvernig væri hægt að gera það? Hvað er mikilvægt að hinn fullorðni hafi í huga til þess að barn, sem vill lyfta upp lokinu, geti gert það? Hefur þú reynslu af slíkum einstaklingi? Hvernig gerðist það? Hvernig var þessi einstaklingur eða hvað gerði viðkomandi sem gerði það að verkum að þú fannst traust?

Kynningarnar laða fram mikilvægar upplýsingar sem fullorðnir geta notað með beinum hætti í starfi sínu með börnum og unglingum. Sá sem skráir niður, ber mikla ábyrgð varðandi það að skrifa niður það sem sagt er.

### **Hagnýt ráð og hugmyndir**

Næsta skref getur verið að biðja um hagnýt ráð varðandi einhver þeirra umræðuefna sem ungmennin hafa valið. Það getur til dæmis snúið að því hvað skiptir máli við að byggja upp nægilega gott samband til þess að barn geti beðið um hjálp.



Á lífsins: þátttakendur kynna sína miða fyrir hinum. Þeir leggja líka miðana í ána, þ.e.a.s. á álpappírinn, þar sem þeir tákna steina og sker sem gera ána ógreiðfæra.

*Voksne for Barn* nota oft verkefnið *Líða vel-gaurinn*. Sé hópurinn stór, er þátttakendum skipt upp í minni hópa með fjórum til sex einstaklingum.

Hver hópur fær flettistöflu með útlínum af manni. Allir í hópnum fá gula límmiða og penna. Verkefnið getur t.d. verið að skrifa niður hvernig starfsmaður félagsþjónustu, á geðsviði eða í skóla þarf að vera til þess að ungmenni vilji taka við hjálp hans.

Allir leysa fyrst verkefnið einir til þess að forðast áhrif annarra. Stjórnandinn undirstrikar, að ekkert svar er rangt. Þegar allir eru búnir að skrifa, sýna þeir hinum miðana sína og festa þá á *Líða vel-gaurinn*. Því mikilvægara sem eitthvað er, því nær hjartanu á miðinn að vera.

Þegar hópurinn er tilbúinn eru miðarnir flokkarnir og þátttakendur ræða saman og komast að niðurstöðu um hvaða t.d. þrír þættir eru mikilvægastir.

Sá sem sér um skráningu gegnir einnig mikilvægu hlutverki hér – að ná eins beinum tilvitnunum og hægt er sem lýsa bæði hvers vegna þátttakendur telja eitthvað vera mikilvægt og einnig hvað er hægt að gera til þess að ná því sem óskað er eftir.

### Yfirlit yfir vandamál og hugmyndir að lausnum

Oft gerum við áætlanir og tókum ákvarðanir varðandi ungmenni út frá eigin skoðunum á vandamálum og lausnum. Markmiðið með því að vinna með þátttakendum er að nálgast þetta á annan hátt. Við biðjum ungmenni um að lýsa vandamálum og erfiðleikum, en einnig hvað þau telja vera góðar lausnir og gagnlega hjálp.

Stundum nota *Voksne for Barn* verkefnið *Á lífsins*. Verkefnið er tvíþætt. Markmiðið er að greina hindranir eða vandamál sem tengjast því þema sem unnið er með. Á þessum fundi var spurt: Hverjar eru helstu áskoranir eða vandamál í lífi þínu þegar foreldrar þínir geta ekki annast þig sem skyldi?

Síðari hluti verkefnisins beinist að hugmyndum þátttakenda um lausnir. Við þetta verkefni er notaður álpappír, pennar og límmiðar í tveimur litum.

Þátttakendum er skipt upp í fjögurra til sex manna hópa. Verkefnið byrjar með frásögninni um *Á lífsins*, sem t.d. má tákna með álpappírslengju á gólfinu. Sé lífið gott, flæðir vatnið án hindrana og einfalt er að sigla eftir ánni. Engin sker eða stíflur eru í veginum. En ef það eru mörg sker eða grynningar af einhverju tagi verður ferðin erfiðari. Ferðalangurinn verður alltaf að vera á verði eða getur í versta falli ekki farið um ána.

Verkefnið er að meta og greina þau vandamál og hindranir sem við sjáum að tengjast viðfangsefnunum. Markmiðið er að greina rót vandans, en breytingar krefjast þess að vandamálið sé skilgreint. Allir þátttakendur fá límmiða til þess að geta

skrifað niður allt sem skapar vanda eða hindrar að vel gangi, hvað þetta viðfangsefni varðar. Verkefnið er einstaklingsbundið í upphafi, án samræðna við aðra. Þannig má komast hjá áhrifum annarra og fá betri niðurstöðu en ef samræður hefjast um leið. Það má skrifa eins marga miða og fólk vill – en aðeins eitt vandamál á hvern miða – til að auðvelda flokkunina.

Að þessu loknu sýna þátttakendur hver öðrum miðana sína. Þeir leggja einnig miðana í „ána“, þ.e.a.s. á álpappírsræmuna, þar sem þeir tákna steina eða sker sem gera ána ógreiðfæra.

Flokkunin gerir sýnilegt bæði það sem margir eru sammála um en einnig sjaldgæfari vandamál sem geta haft allt eins alvarlegar afleiðingar í lífinu. Leggið áherslu á, að það sé ekkert rangt við að sömu eða svipuð atriði komi fyrir oft en einu sinni. Það verður til þess að reynsla og skoðanir meirihlutans verða skýrari.

Næsta skref er að íhuga hugmyndir að lausnum. Þátttakendur fá það verkefni að ræða um þau vandamál sem komið hafa fram og hvaða leiðir eru góðar við lausn þeirra eða nálgun. Með því að gera nýja límmiða, að þessu sinni í nýjum lit, skrifa þátttakendur niður hugmyndir að lausnum, eina hugmynd á hvern miða. Eins og áður er fjöldi miða ótakmarkaður. Tillögur eiga að vera eins skýrar og hægt er.

Í tengslum við eftirfarandi kynningu eru límmiðar með tillögum að lausn settir hjá því vandamáli sem á að leysa.

Eftir þessa kynningu má skrifa niður bæði vandamál og allar tillögur að lausn til þess að nýta, bæði í næsta verkefni sem og til upplýsinga fyrir þá sem starfa með börnum og unglingum, fyrir stjórnmalamenn eða aðra sem gætu nýtt sér þessar niðurstöður.

### **Að miðla boðskap sínum**

Síðasti hluti ferlisins snýr mati þátttakenda á því hverju skuli miðla, hverjir eigi að fá vitneskju um það sem fram hefur komið og gjarnan einnig hvernig það skal gert.

Verkefnið „Auglýsingaskiltið“ er notað til þess að þátttakendur geti skilgreint hvað þeir vilja kynna og fyrir hvaða markhópum.

Í þessu verkefni eru notuð stór karton í auglýsingastærð gömul vikublöð, skæri, tússlitir og límsifti.

Þátttakendum er skipt í þriggja til fimm manna hópa. Hópanir fá það verkefni að gera auglýsingaskilti sem miðlar einhverjum þeirra meginniðurstaðna sem fram hafa komið á fundinum.

Hver hópur kynnir sitt skilti fyrir hinum þátttakendum. Rætt er, að hverjum þau vilja beina boðskap sínum og hvernig það er mögulegt.

Í sumum tilvikum er markhópurinn þekktur frá upphafi en í öðrum tilvikum þarf að leggja meiri vinnu í að skilgreina hann. Í verkefninu „Snemmbær úrræði fyrir viðkvæmar fjölskyldur“ vissum við að niðurstöður þessara þriggja funda ætti að setja fram í skýrslu – og í kvikmynd – og að einnig yrði einhverjum ungmennanna gefinn kostur á að taka þátt í lokaráðstefnu.

Unga fólkinu tekst ekki alltaf að koma frá sér öllu því sem því liggur á hjarta á einum fundi og stundum þarf fólk tíma til þess að hugsa. Þátttakendur á fundunum fengu því með sér verkefni sem þeir áttu að senda okkur síðar. Verkefnið heitir *Bréf til ráðherra*. Allir fengu sama inngang að bréfinu:



Kæri ráðherra

*Þegar barni líður ekki vel í fjölskyldu sinni, af því að foreldrar þess geta ekki annast það sem skyldi, er mikilvægt að ...*

Síðar í þessu riti má finna nokkur þessara bréfa.

Stundum er þetta verkefni unnið á fundi. Allir fá þá blað og penna ásamt því verkefni að skrifa texta og geta sjálfir valið viðtakandann – fulltrúa félagsþjónustunnar, meðferðaraðila hjá Barna- og unglingsgeðdeild, forsætisráðherra eða almenning. Allir fá stuttan inngangstexta til að skrifa út frá og nokkur aðkallandi viðfangsefni.

Þeim sem finnst erfitt að skrifa geta fengið ritara og látið skrifa upp eftir sér. Þeir sem vilja, geta unnið með einhverjum öðrum.

Þegar bréfin eru tilbúin, geta þeir sem vilja lesið bréf sitt upphátt fyrir hina.



Að lokum eru allir þátttakendur beðnir um að segja frá einhverju sem fundurinn skilur eftir sig hjá þeim.

Oft lýkur fundinum með æfingu þar sem allir fá hrós frá einhverjum og hrósa sjálfir einhverjum.

### **Eftirfylgni**

Á fundinum geta vaknað gamlar og slæmar minningar. Þátttakendur eru stundum óþreyjufullir eftir að sjá hvernig framlag þeirra nýtist til úrbóta. Mikilvægt er að þátttakendur fái að fylgjast með úrvinnslunni, bæði einstaklingsbundið og sem hópur og að þetta sé undirbúið þegar fyrir fyrsta fund.

Mikilvægur hluti ferlisins er að fá að vita, að það sem maður leggur af mörkum, kemur öðrum börnum og ungmennum til góða.



## RÖDD HINNA UNGU



Margt skynsamlegt og gott kemur fram þegar ungmenni eru spurð hvernig þau telji að hægt sé að hjálpa barni eins snemma í lífinu og mögulegt er og á eins góðan hátt og unnt er. Mörg viðfangsefni koma upp aftur og aftur óháð því í hvaða norræna landi einstaklingurinn býr eða hversu langt er síðan viðkomandi tók sjálfur við hjálp frá félagsþjónustunni. Við söfnuðum saman undir nokkrum fyrirsögnum því sem kristallaðist í umræðum við hina ungu þátttakendur á fundunum. Við leyfðum rödd hinna ungu að standa og vonumst til þess að hún verði til þess að við verðum enn betri í að veita aðstoð og stuðning þeim börnum sem þess þarfnast, eins snemma í lífi þeirra og hægt er.

## TENGL

Sama hvert umræðuefnið er eða hvaða áskoranir við glímum við, komum við alltaf að því að starf félagsþjónustu snýst um tengsl milli barnsins og þess sem á að hjálpa. Ef þau byggjast ekki á gagnkvæmu trausti og trúnaði, gagnast lítið að gera mikilvægar ráðstafanir eða taka góðar ákvarðanir. Þarna verður að vera manneskja sem persónugerir umhyggjuna – og barnið verður að upplifa að hún standi með því, vilji því vel og sjái hæfileika þess, möguleika og vonir. Þetta er jafn mikilvægt við fyrstu kynni sem og í áframhaldandi vinnu.

– Ég verð að fá að heyra að ég sé flottur!

– Það er mikilvægt að samskiptin vari um lengri tíma ef maður á að veita góðan stuðning, traustar manneskjur sem eru lengi til staðar.

– Berjist fyrir mig! Það er enginn sem hefur gert það og ég get það ekki sjálf.

– Það er svo mikil upplausn í upvextinum. Það er eins og samansafn af brostnum hjörtum. Getur maður treyst öðrum? Ég spyr mig alltaf þeirrar spurningar þegar ég hitti einhvern sem hefur verið falið að hjálpa mér.

– Þegar maður hittir börn og á að veita þeim hjálp verður maður að skipuleggja fundinn á forsendum barnsins. Notaðu orðaforða sem þau skilja, gefðu þeim nógan tíma, sýndu umhyggju og örlæti, hittist kannski á góðum stað og gerið eitthvað saman. Svo verður maður að kanna hvort barninu líkar að gera þetta svona, þannig að maður haldi ekki bara að þetta sé fínt.

**SNEMMBÆR AÐSTOÐ**

Mörg þeirra ungmenna, sem hafa tekið þátt í verkefningu, telja sig hafa fengið hjálp allt of seint, þrátt fyrir að þau viti að vitneskja var um þörf þeirra eftir aðstoð. Þau undirstrika að heilsugæsla, heilsuvernd mæðra og barna, leikskóli og skóli, en einnig tómstundastarf, gegnir mikilvægu hlutverki í því að finna snemma þau börn sem búa við erfiðar aðstæður.

Boðskapur þeirra til allra, sem starfa á þessu sviði, er að þeir beri ábyrgð á að sjá börnin, tala við þau, tilkynna um það sem getur valdið ójafnvægi og fyrst og fremst – gefast ekki upp!

Allir sem starfa með börnum þurfa að bæta sig í að hafa samband við félagsþjónustu ef þeir sjá eitthvað sem ekki er í lagi. Frekar einu sinni of oft en einu sinni of sjaldan. Það er ábyrgð þeirra að gera eitthvað.

*- Ég vildi ekki fara í skólann. Mér var strítt og skólinn tók enga ábyrgð. Kennarinn minn gerði ekkert. Mér leið ömurlega heima og í skólanum. Skólinn var martröð í stað þess að vera öruggur staður þar sem ég gat lært eitthvað.*

*- Fullorðnir eiga ekki að vera hræddir við að spyrja heimskulegra eða erfiðra spurninga, ef þeir hafa áhyggjur af barni, eða lesa milli línanna. Við skiljum að það er vel meint. Og svo verða hinir fullorðnu að vera duglegir að lesa milli línanna. Maður segir ekki alltaf frá, maður sýnir jú foreldrum sínum hollustu. Fullorðnir mega ekki gefast upp, þeir verða að spyrja aftur og aftur en á þann hátt að það sé þægilegt og ekki niðurlægjandi, heldur þannig að maður skilur að þeir vilji manni vel.*

*Komið ekki 10 árum seinna og segið: „Já, við sáum jú að það var eitthvað sem ekki var eins og það átti að vera.“*

### **Þegar foreldrar mínir þurfa hjálp við að vera foreldrar**

Margir þeirra sem hafa tekið þátt í fundunum hafa velt fyrir sér hvað sé hægt að gera þegar foreldrar geta ekki axlað þá ábyrgð sem þeim ber.

*- Maður þarf að geta hringt í einhvern og vita að maður fái hjálp, hvenær sem er.*

*- Það er þörf fyrir einhvern sem getur verið tengiliður milli barnsins og fagaðilans, einhvern sem barnið upplifir sem „sinn“ í samskiptum við kerfið.*

*Sveitarfélagið ætti að gefa foreldrum kost á að sitja fundi eða samkomur svo að þeir geti lært að takast á við aðstæður sínar. Maður verður að kenna foreldrum að skilja börn sín, hvernig á að verða betra foreldri.*

## Koeri ráðherra

Vandamál mitt var klárlega að enginn hjálpaði mömmu minni. Ég vildi að hún hefði fengið aðeins meiri hjálp svo að henni hefði batnað fyrr, ekki bara eftir að ég varð fullorðinn. Ég get skilið að barn sé tekið frá óábyrgum foreldrum til þess að hjálpa því að öðlast betri framtíð. En foreldrar manns eru stór hluti af framtíðinni. Hefðu þau fengið betri hjálp í átt til „venjulegs“ lífs á ný, hefði framtíðin orðið aðeins betri bæði fyrir barnið og foreldrana. Það ætti að leggja áherslu á það úrræði að hjálpa móður/foreldrum að verða ábyrgir foreldrar. Að eiga ekki móður eða foreldra er svo mikill ókostur að mann vantar eitthvað það sem eftir er ævinnar.

Kveðja, Flemming

### **Þegar ég get ekki búið hjá mömmu eða pabba**

Stundum er svo margt í ólagi á heimilinu að barnið getur ekki lengur búið hjá mömmu og pabba. Mörg þeirra ungmenna, sem hafa tekið þátt í verkefninu, hafa einmitt upplifað þetta. Mörg þeirra telja að þau hafi verið tekin allt of seint úr umsjá foreldra. Þegar þau voru tekin úr umsjá foreldra, var það oft gert á mjög særandi og óþarflega neikvæðan hátt. Ungu þátttakendurnir í verkefninu hafa mikla reynslu hvað þetta varðar og vona að starfsfólk félagsþjónustunnar geti lært af henni, svo önnur börn þurfi ekki að lenda í sömu reynslu. Ungmennin gefa góð ráð um hvað ber að hafa í huga þegar barn þarf að flytja. Mörg þeirra vilja gjarnan leggja sitt af mörkum til fræðslu fósturforeldra til þess að gefa sýn sem enginn annar getur gefið.

## Tekin úr umsjá foreldra

- Það þarf að gefa sér tíma til þess að finna góðan valkost til að búa heima, engar skjótar bráðabirgðalausnir. Mörg okkar höfum búið lengi, kannski allan uppvöxt okkar, við erfiðar aðstæður svo að við deyjum ekki þótt nokkrar vikur séu notaðar til þess að finna góða lausn.

- Ég þarf að fá að syrgja og hrópa og öskra og einhver verður að skilja að þetta er erfitt og hugga mig þegar ég fyllist örvæntingu.

- Ég vildi að ég hefði verið tekinn úr umsjá foreldra fyrr. Þegar ljóst er að þetta verður aldrei góð fjölskylda þarf ekki að prófa allt mögulegt og svo að lokum, þegar allt er í voða, taka barnið. Þá er það of seint.

**Þegar maður býr á fósturheimili eða stofnun**

Flest þeirra ungmenna sem tóku þátt, búa eða hafa búið á fósturheimili eða stofnun. Þau hafa ýmsar hugmyndir um það sem þarf að hugsa um til þess að það gangi vel. Þau hafa einnig hugmyndir um hvernig best er að standa að flutningi frá upprunafjölskyldu til fósturheimilis og gefa ráð um hvernig fylgjast má með því að allt gangi sem skyldi.

Fræðsla fyrir fósturforeldra er mikilsverð og maður þarf að athuga vel hvernig hún á að vera. Foreldrar þurfa að vita hvað bíður þeirra og að það getur verið erfitt. Við getum verið erfið viðureignar vegna þess sem við höfum gengið í gegnum.

– Fósturforeldrar verða að fá að vita að okkur þarf að líða eins og við séum hluti af fjölskyldunni. Það má ekki meðhöndla okkur öðruvísi. Það er hræðilegt að finna að maður er ekki alveg meðtekinn. Þegar ég fer til stuðnings-fjölskyldu er verið að segja að ég sé byrði á fósturfjölskyldunni minni. Unglingar sem hafa verið fósturbörn geta aðstoðað með því að veita upplýsingar og þekkingu um þetta.



Ég hefði gjarnan viljað fá kærleika frá fósturforeldrum mínum, kærleika í formi faðmlaga, kossa, huggunar þegar ég var leið, án þess að þurfa að biðja um það. Það var auðmýkjandi fyrir mig. Ég bjó hjá fósturfjölskyldu sem var mjög fagleg. Þetta var eins og að búa á stofnun, allt sem maður þarfnast er til staðar, eigið herbergi, rúm, matur o.fl, skýr mörk. Allt var mjög fínt en enginn kærleikur eða nánd.

Þó að ég kæmi frá fjölskyldu, þar sem misnotkun áfengis var til staðar, lenti ég oft í því að drukkinn var bjór. Stundum fannst mér þetta of mikið. Ég upplifði óöryggi þó að þau hefðu stjórni á þessu.

Ég vildi að þau hefðu spurt mig hvernig mér liði. Til dæmis þegar ég kom heim eftir skóla. Ég var oft spurð hvernig dagurinn hefði verið og svaraði bara: „Það gekk vel!“ Svo var ekkert meira með það og ég var bara út af fyrir mig.

Ég hefði viljað að þau hefðu notað meiri tíma og orku í að hitta aðra og skapa félagslegt net.

Það hefði verið gott fyrir mig ef þau hefðu ekki litið niður á mömmu mína eða talað illa um hana. Mér fannst ég heilapvegin til að finnast að mamma mín og fjölskylda væru bara bjánar sem gætu ekki hugsað um sig sjálf og ég ætti næstum að hata þau. Þó að það sé fínt að tala um það í fjölskyldunni, hvaðan maður kemur og hvers vegna maður býr hjá þeim o.s.frv., er hægt að tala um það án þess að rakka niður – þetta er þrátt fyrir allt fjölskyldan manns.

Ég hef það gott í dag, á góðan mann og með honum á ég tvö stórkostleg börn, fullt af kærleika og öruggt heimili.

Kærleikur, sýna kærleika en hafa skýr mörk, að það sé eðlilegt að upplifa sig elskaðan og velkominn hjá fósturfjölskyldu sem axlar þá ábyrgð að vinna með mjög berskjölduðum börnum eins og ég var.

Kær kveðja, Maja.

„Það er mikilvægt að eftirlit með stofnunum og fósturheimilum virki. Það gerir það ekki í dag. Maður verður t.d. að tala við barnið eitt sér, ekki að fósturforeldrum viðstöddum. Maður vill jú ekki særa fósturforeldra sína ef þarf að segja frá einhverju neikvæðu. Maður er kannski líka hræddur við afleiðingarnar ef kvartað er. Sá sem á að hafa eftirlit með því að allt gangi vel, verður að sýna að hann eða hún sé á bandi barnsins. Hann eða hún verður að skapa góð tengsl við barnið svo að óhætt sé að segja hvernig manni líður.“

### Kæri ráðherra

Ég hef búið á fósturheimili í sjö ár og aðeins einu sinni orðið vör við eftirlit. Mér finnst slæmt að það komi ekki einhver til þess að fylgjast með þessum heimilum. Annað var að enginn talaði hreint út við mig um það af hverju ég byggji ekki hjá mömmu minni. Ég hef svo áttað mig á því sjálf. Ég hafði ekki heimsótt mömmu í mörg ár af því að það var alltaf hún sem heimsótti mig og litlu systur mína.

Annað mál eru tilsjónarmennirnir. Ég hata tilsjónarmanninn minn. Ég vildi að maður gæti sagt: „Mér líkar því miður ekki við hana, er möguleiki að fá nýjan tilsjónarmann?“

Auk þess held ég að ég hafi haft um 15 tilsjónarmenn. Sjáið þið ekki að það væri betra ef maður væri bara með einn og hann eða hún væri til staðar í lengri tíma?

Tilsjónarmenn eiga að treysta orðum barnsins. Ekki fósturfjölskyldu, kennara eða foreldra. Í Kaupmannahöfn hefur verið ákveðið að börn, sem tekin hafa verið úr umsjá foreldra, fái ekki að ferðast til útlanda. Ég var heppin að mamma fór með mig og systur mína í frí. Það fái ekki öll börn tækifæri til að kynnast annarri menningu í öðru landi. Mér finnst mikilvægt að börn og unglingar fái að ferðast. Ég vil hrósa ykkur fyrir að leyfa mér og litlu systur minni leyfi til að ferðast

til Noregs nokkrum sinnum á ári til að heimsækja stóru systur okkar. Ég þekki hins vegar einn sem á foreldra í Afríku og fær ekki að hitta þá.

Flestir hafa það fínt en hvernig á 14 ára krakki að komast af með 75 krónur á viku, sem á að duga fyrir síma, símareikningi, sígarettum (slæmur ávani – ætti að hætta), að gera eitthvað með stelpunum og margt fleira?

Þetta er erfitt! Mér finnst að þið sem eruð ráðherrar ættuð að athuga hvernig börnum líður. Maður vill ekki alltaf segja sálfræðingi hvernig manni líður. Hjá De 4 Árstíðir eru ungir fullorðnir sem hafa lent í því sama og maður sjálfur og það er miklu betra að tala við þá.

Svo er það þetta með að fá ekki að gista hjá strákum fyrr en maður er orðin fimmtán ára (hefur náð samræðisaldri). Og ef maður stundar alls ekki kynlíf? Ég á bæði stráka og stelpur að vinum. Ég er oft spurð hvort ég vilji koma á Playstationkvöld. Ég vil það gjarnan en ég má það ekki.

Ég vona að þið skiljið að það er ekki auðvelt að búa ekki heima hjá sér, jafnvel þó að það sé skásti kosturinn.

Eva

*-Það er mikilvægt að maður viti að einhver annast mömmu og pabba. Þegar ég fór á fósturheimili vissi ég ekki hvað væri að gerast og hvort hún gæti bjargað sér. Ég hafði stöðugar áhyggjur og það var erfitt að einbeita sér. Ég var mjög reiður líka. Það var jú ég sem hafði alltaf annast hana og nú átti ég allt í einu ekki að fá að hitta hana og ekki einu sinni vita hvernig það gekk.*

### Upplýsingar

Þörf fyrir upplýsingar er nokkuð sem kemur upp á fundunum hvað eftir annað. Það getur snúist um almennar upplýsingar um hvar og hvernig hægt er að fá hjálp ef þörf krefur. Maður getur líka þurft á mjög nákvæmum upplýsingum að halda, t.d. til þess að geta betur skilið og höndlað lífið ef foreldrarnir misnota áfengi eða eiturylf.

- Sá sem á að hjálpa mér verður að segja mér hvað hann getur gert til að hjálpa mér, ekki hvað hann getur ekki gert. Ég verð að vita að það sé hægt að hjálpa mér. Hvernig get ég annars fundið að ég eigi von?

- Ég skildi ekkert áður en ég fékk upplýsingar frá hjúkrunarfræðingi um sjúkdóm pabba. Þegar hún útskýrði þetta skildi ég að það var ekkert að mér og að ég væri ekki ástæðan fyrir hegðun hans heldur væri þetta sjúkdómur. Þá varð auðveldara að lifa á ný!

- Að fá ekki að vita er verra en sannleikurinn!

## Kæri ráðherra

Ég hef búið hjá fósturfjölskyldu og á stofnun stóran hluta lífs míns og í tengslum við það gerðust ákveðnir hlutir sem mér finnst hefðu getað verið öðruvísi.

Þegar ég þurfti að skipta um fósturfjölskyldu, þegar ég var 14 ára, fannst mér ég ekki fá almennilegar upplýsingar um hvað væri að fara að gerast. Það er mikilvægt að við sem fósturbörn höfum innsýn í það sem okkur varðar, þá þurfum við ekki að vera með getgátur.

Þegar ég átti að flytja í sambýli 17 ára gamall gekk allt vel. Þangað til ég átti að flytja í eigin íbúð. Þá var ég bara látinn eiga mig og hafði engan frá sveitarfélaginu til þess að tala við þegar ég þurfti aðstoð.

Það er mikilvægt að við höfum alltaf innsýn í það sem snýr að okkur og finnum að það sé einhver sem er tilbúinn að hjálpa. Annars finnst mér þið hafið staðið ykkur vel hvað varðar val á fósturfjölskyldum.

Með kærri kveðju, Joel

### Að fá á sig stimpil

Mörg ungmennanna óska eftir opnari umræðu og meira umburðarlyndi í garð ungmenna sem þurfa aðstoð frá félagsþjónustu. Þau hafa margar hugmyndir þar að lútandi. Leikskóli, skóli og frístundastarf eru mikilvægur vettvangur fyrir slíka umræðu.

– Þegar mig vantar nýja gallabuxur þarf ég að eyða miklum tíma í að finna búð það sem tekið er við inneignarmiðum. Það er síðan mjög vandræðalegt þegar afgreiðslustúlkan kallar yfir alla verslunina til þess að fá að vita hvort einhver í búðinni veit hvernig fara á með þessa inneignarmiða.

–Maður upplifir sektarkennd, skömm og óöryggi.

– Ég er annað og meira en barn sem á slæma foreldra.

**Þátttaka og hlutdeild**

Í barnasáttmála Sp, 12 grein, segir að börn hafi rétt til að tjá skoðun sína og fá áheyrn varðandi málefni sem þau varða. Þessi réttur er einnig nokkuð sem okkar ungu þátttakendur velta fyrir sér. Norræna löggjöfin sem snýr að félagsþjónustu fyrir börn er vitaskuld svolítið mismunandi eftir löndum en alls staðar er þó fjallað um rétt barnsins til upplýsinga, rétt til að tjá skoðun sína og fá áheyrn.

Ungu þátttakendurnir í verkefninu tjá skoðanir sínar varðandi mikilvægi þessa og hvernig þetta geti haft jákvæð áhrif í lífi þeirra. Þeir hafa einnig nefnt nokkur góð dæmi um hvernig framfylgja má þessum réttindum í raun.

*- Unglingar og börn verða að fá að vera með þegar ný lög og nýjar reglur eru búin til.*

*- Til þess að geta tekið þátt fyrir alvöru þarf maður að fá upplýsingar. Og upplýsingarnar þarf maður að fá á skiljanlegan hátt. Kannski tekur það langan tíma og verður að endurtaka upplýsingarnar hvað eftir annað. Og svo verður maður að geta treyst þeim sem maður talar við, þannig að maður geti spurt heimskulegra spurninga svo maður geti að lokum komist að því hvað maður vill. Þegar maður situr þarna á fundi, þá hafa kannski allir hinir talað og hugsað heilmikið. En ég er að heyra þetta í fyrsta sinn. Þá er ekki auðvelt að vita hvað maður á að halda og hugsa.*

- Að geta nýtt reynslu sína í eitthvað jákvætt með svona vinnu er mjög gott. Það er mikilvægt að fá að vera með og hafa áhrif, svo að öðrum börnum líði betur.

- Það er löngu kominn tími til að börn og ungmenni fái að þátt og starfsemin þarf að breytast. Þegar maður býr á stofnun verður þetta mjög mikið við og þau. Ef eitthvað gerist eða maður á að gera eitthvað, þá eru það fullorðnir sem ræða og skipuleggja, án okkar, Við fáum bara upplýsingarnar í lokin og höfum enga möguleika til áhrifa. Þá verða auðveldlega átök. Hefðum við fengið að vera með frá upphafi hefði þetta örugglega orðið öðruvísi og kannski gengið betur.



**Að hitta aðra í sömu aðstæðum**

Mikilvægt umræðuefni fundanna hefur verið, hvað komið hefur að gagni í lífi ungmenna, þrátt fyrir miklar áskoranir og áhættu. Samhljóða svar allra ungmenna á öllum fundunum hefur verið að hitta aðra í sömu aðstæðum á skipulagðan hátt. Nokkrir þátttakenda hafa reynslu af því og hafa miðlað þeirri reynslu sinni.

*Að fá að taka þátt í hópum með börnum sem búa við sömu aðstæður er eins konar stökkbretti til þess að geta haldið áfram. Maður kynnist jákvæðum fyrirmyndum hjá eldri börnum og þorir að trúá því að þetta geti gengið vel. Þetta gefur von!*

*– Maður á marga vini en það eru vissir hlutir sem þeir skilja ekki og sem maður vill kannski ekki alltaf sýna eða tala um. Ég er hrædd um að þau vorkenni mér eða líti mig öðrum augum ef þau komast að þessu. Mér líður aldrei svona með hinum í Nätverket. Þar get ég sýnt allar hliðar og það er einfalt að biðja um stuðning þegar maður þarf á að halda. Bara að einhver geti sagt eða skrifað á Facebook „Ég skil hvernig þér líður“ getur verið litla atriðið sem bjargar manni frá hinum myrku hugsunum.*


*– Að hitta aðra í hópi er eins og meðferð sem er ekkert sársaukafull, bara góð!*




### ÞAÐ ALLRA MIKILVÆGASTA

Það eru til margar leiðir þegar bjóða á börnum og unglingum að taka þátt. Óháð því, hvaða leið er valin, er mikilvægast af öllu hvernig tekið er við og unnið er úr því sem fram kemur. Ef við, sem störfum með og fyrir börn og unglunga, höfum ekki öll áhuga á og vilja til að taka við því sem fram kemur og vinna út frá því í daglegu starfi, mun ekkert breytast.

Ef við spyrjum, fáum við svar. Það er hlutverk okkar og ábyrgð bæði að spyrja og læra af svörunum, svo að við verðum enn betri í að veita aðstoð og umhyggju þeim börnum sem á þurfa að halda, eins snemma í lífi þeirra og mögulegt er.



## Önnur dæmi



Aðferð *Voksne for Barn* við að vekja athygli á rödd barna er ein af mörgum sem notaðar eru á Norðurlöndum. Þessar aðferðir sýna að það koma fram mikilvægar skoðanir þegar fullorðnir velja að hlusta. Þessar skoðanir getur fagfólk notað í samskiptum við börn sem eiga erfitt. Einnig stjórnámálamenn – og þeir sem taka ákvarðanir – geta notað þær þegar stefnt er að pólitískum breytingum.

Önnur samtök sem tekið hafa þátt í verkefninu okkar „Snemmbær úrræði fyrir viðkvæmar fjölskyldur“, leitast einnig við að vekja athygli á rödd hinna ungu og nota mismunandi aðferðir til þess að ná því markmiði. Hér kynnum við stuttlega hvernig *De 4 Årstider* í Danmörku, *Barnens Rätt i Samhället*, BRIS, í Svíþjóð og *Pesäpuu* í Finnlandi vinna að þátttöku ungs fólks.

## DE 4 ÅRSTIDER, DANMÖRK

### Mentorar skipta sköpum!

Samtökin *De 4 Årstider* í Danmörku hafa þróað aðferð til þess að auka áhrif ungs fólks í samfélaginu. Sendiherrar barna og unglunga er verkefni sem orðið hefur til innan mentorsfræðslu samtakanna og skoðanamyndandi starfi mentora. Markmiðið er að virkja börn og ungmenni sem hafa verið tekin úr umsjá foreldra og gefa þeim rödd í dönsku samfélagi.

Eftir að hafa lokið mentorsfræðslu, hafa mentorar, á vegum *De 4 Årstider*, lagt sitt af mörkum til að beina kastljósi umræðunnar að heimilum fyrir börn á fundum með starfsfólki slíkra heimila, félagsráðgjöfum og öðru fagfólki. Mentorar hafa heimsótt yfir tíu sveitarfélög, komið á teymisfundum og tekið þátt í umræðuþáttum í sjónvarpi.

Mentorar hafa með starfi sínu rutt veginn fyrir önnur börn og unglunga, sem hafa fengist til þess að segja frá aðstæðum sínum. Mentorar eru í dag, ásamt öðrum börnum frá *De 4 Årstider*, hluti af ráðgjafahópi *Børnerådet* um vistun barna utan heimilis. Auk þess taka mentorar og ungmenni frá samtökunum þátt í þessu verkefni, sem í grunninn er unnið að beiðni ríkisstjórna Norðurlandanna.

Með reynslu sinni og þekkingu sýna ungmenni bæði, hvernig það er að sinna samfélagsaðstoð, og einnig að full ástæða er til að gera ráð fyrir framlagi þeirra. Þau vilja einnig hafa áhrif á opinbera umræðu í meira mæli og auka réttindi barna sem tekin eru úr umsjá foreldra og ljá þeim rödd í samfélaginu.

### De 4 Årstider

Frístunda- og samfélagshúsið *De 4 Årstider* er staður fyrir börn og unglunga sem eru eða hafa verið vistuð utan heimilis. Þetta byrjaði sem verkefni á vegum Félagsmálaráðuneytisins og sveitarfélagsins Kaupmannahafnar og er nú hluti af þeim úrræðum sem sveitarfélagið býður. Samtökun bjóða m.a. vettvang fyrir ýmsa starfsemi, ráðgjöf, samtalshópa, búsetu á eigin heimili með hjálp stuðningsaðila, stuðning í tengsum við flutning frá fósturheimili eða stofnun.

1. Hjálparlínan á Íslandi er bæði fyrir börn og fullorðna

### Mentorsfræðsla

Í október 2012 hófu 14 ungmenni á aldrinum 18 til 26 ára mentorsfræðslu á vegum De 4 Årstider. Allir þátttakendur hafa verið teknir úr umsjá foreldra eða haft önnur tengsl við félagsmálayfirvöld. Menntunin felst bæði í félagssálfræði, persónulegri uppbyggingu og leiðtogaþjálfun í klifri og kajaksiglingum. Fræðslan skiptist í þrjá hluta á fimm mánuðum. Allir hlutarnir samanstanda bæði af bóklegu og verklegu námi. Meðal námsgreina eru þróunarsálfræði, hópsálfræði, löggjöf, námsráðgjöf, lausn ágreiningsmála, samtalstækni, skoðanamyndun og samskipti.

### RÉTTUR BARNNA Í SAMFÉLAGINU, BRIS Í SVÍÞJÓÐ

#### Rödd barna gegnum hjálparlínur fyrir börn

Á hverjum degi hafa hundruð barna samband við hjálparlínur fyrir börn – BRIS í Svíþjóð, *Børns Vilkår* í Danmörku, *Kors på halsen á vegum Rauða krossins í Noregi*, *Mannerheims Barnskyddsförbunds barn- och ungdomstelefon* í Finnlandi og hjálparsíma Rauða krossins 1717 á Íslandi<sup>1</sup>. Tengslin eru ekki eingöngu í gegnum síma heldur að stórum hluta í gegnum netið, t.d. í tölvupósti, í netspjalli og á umræðutorgum.

Með aðstoð þessara samtaka geta börn og unglingar sem hafa þörf fyrir hjálp – nafnlaust, ókeypis og á vernduðum vettvangi – komist í tengsl við fullorðna aðila sem hlusta og taka þau alvarlega, veita stuðning og ráð og geta tengt börn við úrræði samfélagsins. Þeir sem taka við þessum erindum eru að mestum hluta sjálfbodaliðar sem taka þátt í þessu á faglegum forsendum og fá þjálfun og handleiðslu hjá hjálparlínunum. Öll samskipti eru skráð, a.m.k. upplýsingar um kyn, aldur og um hvað erindið fjallaði, og í öllum tölvupósti og spjalli eru varðveitt orð barnanna sjálfra um aðstæður sínar.

#### BRIS

BRIS, *Barnens Rätt I Samhället*, eru pólitískt og trúarlega óháð félagasamtök með yfir 40 ára reynslu af að hitta og ræða við börn. Í dag mætir BRIS börnum í gegnum síma BRIS 116 111, BRIS-tölvupóst og BRIS-spjallið. Auk þess veita börn og unglingar hvert öðru stuðning, undir eigin stjórn, á umræðutorginu hjá BRIS.se. Árið 2011 sinnti BRIS 25 900 erindum frá börnum og ungmönnum og næstum 40 000 innlegg voru birt á umræðutorginu.

#### Rödd barna

Með öllum þessum tengslum við börn og ungmenni geta hjálparlínur ekki aðeins veitt börnum stuðning og hjálp,

Meira um norrænar  
hjálparlínur:  
**Sverige:**  
[www.bris.se](http://www.bris.se)

**Danmark:**  
[www.bornsvilkar.dk](http://www.bornsvilkar.dk)  
**Norge:**  
[www.korspahalsen.no](http://www.korspahalsen.no)

**Finland:**  
[www.mll.fi/  
nuortennetti](http://www.mll.fi/nuortennetti)  
**Island:**  
[www.redcross.is](http://www.redcross.is)

Frekari upplýsingar um  
hjálparlínur fyrir börn í öllum  
heiminum er að finna á CHI:  
[www.childhelplineinternational  
.org](http://www.childhelplineinternational.org)

heldur veitir þetta starf einstaka innsýn í líf barna og unglinga, áhyggjur þeirra og vandamál á Norðurlöndum í dag. Þar sem þessi stuðningsstarfsemi er mótuð með öryggi og þarfir barna í huga og börnin treysta starfsemiinni, þora jafnvel börn sem eru verst stödd, hræddust og svikin ekki að hafa samband. Gera má ráð fyrir að hjálparlínur séu meðal þeirra fáu sem hafa tengsl við börn og unglinga í dulda hópnum – það er að segja börn sem ekki hafa samband, eða munu ekki hafa samband við samfélagið til að fá aðstoð.

Sú staðreynd að börnin eiga alltaf frumkvæði að samskiptunum eykur einnig trúverðugleika frásagnanna. Hér er börnunum ekki stýrt með ákveðnum spurningum, væntingum eða af því að þau eru í veikari stöðu, en slíkt hefur oft áhrif á upplýsingagjöf barna í öðru samhengi.

### **Einstakur grundvöllur starfs sem beinist að réttindum barna**

Rödd barna, eða myndir, sem hjálparlínurnar fá, safna og greina, gefa samtökunum einstakt efni til að nota í baráttu sinni fyrir réttindum barna og til þess að bæta lífsskilyrði barna og ungmenna, sem er hinn meginþáttur starfseminnar. Vissulega er ekki hægt að alhæfa um öll börn út frá þessum upplýsingum – þær koma aðeins frá börnum og unglungum sem hafa haft samband við hjálparlínur. Ákveðin einkenni í þeim erindum sem berast, geta þó gefið vísbendingar um þróun samfélagsins með tilliti til barna og unglinga, ef menn gefa sér að það sé um það bil sama úrtak þjóðarinnar sem hefur samband við hjálparlínuna ár frá ári og að því gefnu að hjálparlínan breyti ekki umtalsvert starfsemi sinni eða markaðssetningu.

Meginatriði þessara upplýsinga frá röddum barnanna er hversu ósviknar þær eru. Það sem börnin segja sjálf um að vera berskjölduð og líða illa eða hvernig hjálp samfélagsins skortir, hjálpin er óaðgengileg og gagnslítill, er eða ætti að vera ómetanleg þekking fyrir þá sem taka ákvarðanir eða veita úrræði í velferðarsamfélagi.

Í dag er eftirspurn eftir þessari þekkingu hjá t.d. BRIS sem umsagnaraðila, við skýrslugerð, hjá fagfólki sem vinnur með börnum, í tengslum við BRIS-skýrsluna og BRIS-akademíuna og fleira.

En möguleikarnir eru fleiri og BRIS og aðrar hjálparlínur fyrir börn á Norðurlöndum eru alltaf reiðubúnar og fúsar til að miðla rödd barna til þeirra í samfélaginu sem þurfa að heyra þær!

**Úr tölvupósti tveggja unglingsstúlkna til**

**BRIS:** „Ég hef aldrei átt góð tengsl við foreldra mína. Þegar ég var lítil voru alltaf slagsmál... Ég þurfti að hringja í lögregluna sjálf í fyrsta skipti þegar ég var sex ára. Mamma bað mig að fela mig þegar þeir komu svo þeir tækju mig ekki úr þeirra umsjá.

„Ástæðu andlegrar vanlíðunar minnar má rekja aftur til þess þegar ég var lítil, mjög lítil. Eiginlega hefur það ekkert með mig að gera en það voru vandamál í fjölskyldunni, ég var bara lítil og hrædd og það hef ég verið í gegnum árin.

(Textarnir eru raunverulegir en þeim er lítillega breytt til að tryggja nafnleynd)

**Niðurstöður í reynd**

- BRIS sinnir um 600 erindum á ári frá börnum sem samfélagið tekur úr umsjá foreldra. Út frá rödd þeirra og þörfum krafðist BRIS þess árið 2009 að öll börn, sem tekin væru úr umsjá foreldra, hefðu eigin stuðningsfulltrúa hjá félagsþjónustunni sem stæði vörð um réttindi barnsins og sæi til þess að þörfum þess væri mætt. Í júní 2012 lagði sænska ríkisstjórnin fram lagafrumvop um að sérhvert barn sem tekið væri úr umsjá foreldra fengi eigin stuðningsfulltrúa.
- Andlegt ofbeldi og andleg veikindi barna er dæmi um málaflökk þar sem BRIS hefur farið dýpra í að greina raddir barna í sérstakri skýrslu og þar gefur BRIS ýmsar hugmyndir að pólitískum afskiptum sem myndu bæta lífsskilyrði þessara barna. Pólitískur áhugi á þessum málum er mikill en þær ráðstafanir sem gerðar hafa verið, hafa ekki náð nægilega vel út, m.a. hvað varðar aðgengilega og sambærilega umönnun.

## PESÄPUU VERKEFNIÐ Í FINNLANDI

### Ungt fólk tekur þátt í þróuninni

2008 hófst *Pesäpuu* verkefnið *Ungdomar i samhällsvård*. Markmið verkefnisins var að virkja ungmenni í að þróa þá þjónustu samfélagsins sem í boði er varðandi umönnun utan heimilis. Survivors-hópurinn samanstendur í dag af tólf ungmendum á aldrinum 16 til 25 ára sem eru eða hafa verið í samfélagsaðstoð.

Árið 2010 byrjaði hópurinn að vinna í handbókinni „Við höfum trú á þér – hafðu það líka“. Bókinni er beint að börnum og unglingum í samfélagsaðstoð. Um haustið sama ár var fyrsta námskeiðið fyrir börn og unglinga haldið. Námskeiðið hafði mikil áhrif á lokagerð handbókarinnar. Handbókin var gefin út í október 2011 í tengslum við alþjóðlega ráðstefnu um börn í samfélagsaðstoð. Það var Miðstöð barnaverndar (*Centralförbundet för barnskydd*) sem skipulagði ráðstefnuna.

Survivors-hópurinn skipulagði, í samstarfi við umboðsmann barna, *Institutet för hälsa och välfärd*, og miðstöð barnaverndar, ferð til sex finnskra borga. Í ferðinni, sem farin var í tilefni af útkomu nýju handbókarinnar, hitti Survivors-hópurinn 120 börn og unglinga sem tekin höfðu verið úr umsjá foreldra.

Í tengslum við vinnuna að bókinni var þróuð aðferðafræði í samtölum við börn. Næsta stig verkefnisins er að búa til tengslanet um allt landið þar sem börn og ungmenni í samfélagsaðstoð fá möguleika á að taka virkan þátt í ákvarðanatöku hvað varðar málefni tengd barnavernd og börnum í samfélagsaðstoð.

Hér eru meginatriði aðferðarinnar „Við trúum á þig – gerðu það líka“ sem notuð er á fundum með hópum barna og eiga að hvetja til þátttöku:

1. Mentorar kynna sig og segja frá tilgangi fundarins.
2. Samvinnunni er lýst fyrir hópnum ásamt þeim reglum sem gilda varðandi sjálfboðastarf, þagnarskyldu og notkun farsíma.
3. Kynnist hvert öðru. Þátttakendur segja til dæmis frá aldri sínum, hve lengi þeir hafa verið í samfélagsaðstoð og áhuga sínum á barnavernd samfélagsins.
4. Miðum er dreift með textum um barnavernd, fósturheimili og réttindi barna og um þær tilfinningar og hugsanir sem bærast oft með ungmendum þegar þeim er komið fyrir utan heimilis. Eftir nokkurn umhugsunartíma eru miðarnir lesnir upp. Allir eiga þess kost að miðla hugsunum sínum með öðrum, bregaðst við miðunum og gera athugasemdir.

5. Snarl
6. Þátttakendur hjálpast að við að gera skýringarmynd sem sýnir hverjum ungmennin trúa fyrir sínum málum. Hver og einn fær þrjár kúlur sem settar eru ein í einu í þrjú af sex plaströrum. Plaströrin eru merkt „eftirlitsaðilar“, „fulltrúi félagsþjónustu“, „fósturheimili“, „líffræðilegt foreldri“, „vinur/ættingi“ og „enginn“. Að lokum mynda plaströrin stöplarit. Unga fólkið fær að rökstyðja val sitt.
7. Vinna í smáhópum. Nú er farið dýpra í þau umræðuefni sem rætt var út frá miðunum í lið 4. Leiðtogarnir taka einnig þátt í umræðunni. Hóparnir punkta niður þær hugmyndir sem fram koma og kynna þær eins og þeir vilja, með tali, leikþætti, leikrænni tjáningu, á flettistöflu eða veggspjaldi.
8. Niðurlag. Allir þátttakendur lýsa besta degi sem þeir hafa upplifað, skrifa á blað og búa til pappírsskutlu. Skutlunni er kastað og svörin eru lesin af þeim sem grípur skutluna. Sama æfing er endurtekin með spurningarnar „Hver er boðskapur þinn til annarra ungmenna?“ og „Hver er boðskapur þinn til þeirra sem taka ákvarðanir?“

**Það er enginn vafi á því að ferðin til finnsku borganna hefur borið góðan árangur. Í fréttatilkynningu frá því í september 2012 bendir umboðsmaður barna í Finnlandi, Maria Kaisa Aula, á það að þeir fullorðnu sem starfa innan barnaverndar þurfi að hafa börn og ungmenni með í ákvörðunartökunni. Hún vísar einmitt til þessarar ferðar sem skipulögð var af Survivors-hópnum.**


Þú getur lesið  
fréttatilkynninguna  
á [www.nordicwelfare.org/tidigainsatser](http://www.nordicwelfare.org/tidigainsatser)



Pride-kerfið var upphaflega þróað af *Child Welfare League of America*. Kerfið er ætlað fjölskyldum og felst að hluta til í undirbúningsfræðslu fyrir verðandi fósturheimili og hins vegar í framhaldsfræðslu.

Samtökin *Pesäpuu*, *Kompetenscentrum för barnskydd*, eru finnsk barnaverndasamtök á landsvísu sem vinna að og miðla sérfræðiþekkingu varðandi velferðarþjónustu fyrir börn. *Pesäpuu* eru hugsjónasamtök sem rekin eru með stuðningi frá stofnun sem rekur spilakassa. Markmið samtakanna er að þróa vönduð og vel skipulögð stuðningsúrræði fyrir börn. Í starfi samtakanna er litið á barnið sem virkan þátttakanda en ekki aðeins einstakling sem tekur við stuðningi. Mikilvægt er að börnin eigi þess kost að tjá óskir sínar og að þeir sem veita þjónustu taki tillit til þeirra.

Markmið þróunarstarfs *Pesäpuu* er að gera virkni og réttindi barna að veruleika innan velferðargeirans. *Pesäpuu* þróar aðferðir og verkfæri í þessum tilgangi: spilastokka, borðspil, vinnubækur og handbækur. Verkfærin eru ætluð þeim sem vinna með börnum og fjölskyldum. Börn, fjölskyldur, félagsráðgjafar og skólar sem vinna með *Pesäpuu* eru einnig virkir þátttakendur í þróunarstarfinu. *Pesäpuu* stendur fyrir og þróar fræðslukerfið *Pride*, sem ætlað er fyrir fósturheimili.



Við viljum færa innilegar þakkir þeim ungmönnum sem hafa tekið þátt í fundum sem haldnir hafa verið í Danmörku, Finnlandi og Noregi. Án þeirra hefði verið ógerlegt að skrifa þetta rit! Við lofum að gera okkar besta til að breiða út þekkinguna og gera rödd barna og unglinga aðeins meira áberandi í samfélagsumræðunni.

Auk þess viljum við þakka sérstaklega þátttakendum í ráðgjafa- og sérfræðihópunum sem á svo margan hátt hafa lagt sitt af mörkum til innihalds þessa hugmyndarits:

### RÁÐGJAFAHÓPUR

- Vegard Forøy, Bufdir, Noregi
- Anne Katrine Tholstrup Bertelsen, Social- og Integrationsministeriet, Danmörku
- Tórhild Højgaard, Socialministeriet, Færeyjum
- Lára Björnsdóttir, Velferðarráðuneytið, Íslandi
- Súsanna Nordendal, Socialministeriet, Færeyjum
- Monica Norrman, Socialstyrelsen, Svíþjóð
- Birgit V Niclasen, Ministry of Health, Grænlandi
- Anne Melchior Hansen, Socialstyrelsen, Danmörku
- Mia Montonen, FSKC, Finnlandi
- Riitta Viitala, Social- och hälsovårdsministeriet, Finnlandi
- Doris Bjarkhamar, Socialministeriet, Færeyjum

### SÉRFRÆÐINGAHÓPURINN

- Christine Väливаara, Pesäpuu, Finnlandi
- Karin Källsmyr, Voksne For Barn, Noregi
- Peter Irgens, BRIS, Svíþjóð
- Ina Nergård, Voksne For Barn, Noregi
- Terese Mersebak, De 4 Årstider, Danmörku
- Stina Hansen, De 4 Årstider, Danmörku



Þessi DVD-mynd var gerð af *Voksne for Barn* í Noregi. Hún sýnir hvernig aðferðin sem lýst er í heftinu virkar í raun. Diskurinn var framleiddur að beiðni Norrænu velferðarmiðstöðvarinnar og var fjármögnuð af Nordbuk, Nordiska barn- og ungdomskommittén. Þeim þökkum við innilega!





NORDENS VÄLFÄRDSCENTER / Nordic Centre for Welfare and Social Issues  
Box 22028, SE 104 22 Stockholm / Besöksadress Hantverkargatan 29 /  
Sverige [www.nordicwelfare.org](http://www.nordicwelfare.org)